

Mat á gagnsemi uppgræðslu á Mýrdalssandi með tilliti til sandfoks og lokun þjóðvegjar

Guðrún Gísladóttir
Raunvísindastofnun Háskóla Íslands
Askja, Sturlugata 7, IS-101 Reykjavík

Sandfok og ófærð hefur löngum hamlað umferð um Mýrdalssand. Sandurinn, sem er lítt gróinn, er myndaður við eldgos í eldstöðvakerfi Kötlu, framburð jökuláa og jökulhlaup í kjölfar Kötlugosa en á síðustu árum hefur hörfun jökla einnig leyst úr læðingi mikið magn setefnis. Það getur verið veðrasamt á Mýrdalssandi og vindur sem er óhemju öflugur við flutning sands á lítt grónu landi hefur leitt til sandfoks með þeim afleiðingum að þurft hefur að loka þjóðveginum tímabundið. Til að sporna við sandfoki og lokun vegarins í tengslum við það var farið út í mikla uppgræðslu á Mýrdalssandi í kjölfar þess að þjóðvegurinn var fluttur sunnar á Sandinn árið 1988. Auk þess var einnig unnið að því að beisla vatn sem flæmdist um og bar með sér fokefni.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort sú uppgræðsla og varnaraðgerðir sem unnið hefur verið að á Sandinum frá árinu 1988 hafi dregið úr lokunum þjóðvegjar 1 yfir Mýrdalssand vegna sandfoks. Jafnframt að kanna við hvers konar veðuraðstæður þarf að loka veginum vegna sandfoks.

Notast var við veðurfarsgögn frá sjálfvirkri veðurstöð á Mýrdalssandi fyrir tímabilið 1998-2002 og skráningar á lokun þjóðvegjarins í dagbók Gylfa Júlíussonar rekstrarstjóra Vegagerðarinnar í Vík. Jafnframt voru tekin viðtöl við heimamenn í Álftaveri og Vík um mat á sandfoki fyrir 1998. Upplýsingar um uppgræðslu og gróðurþekju voru fengnar hjá Landgræðslu ríkisins en einnig var stuðst við vettvangathugun og mat heimamanna á því hvort dregið hefði úr sandfoki á tilteknum stöðum á Sandinum vegna breytts gróðurfars og annarra varnaraðgerða.

Niðurstöður sýna að dregið hefur úr lokunum á Mýrdalssandi vegna sandfoks og er það fyrst og fremst að þakka uppgræðslu og stjórnun rennslis Blautukvíslar. Mestur árangur hefur komið í ljós á allra síðustu árum. Þá verður varla vart sandfoks á svæðinu milli Dýralækja og Blautukvíslar sem var mesta sandfokssvæðið. Talið er að Mýrdalssandur hafi verið lokaður allt að tvær vikur á ári áður en hann var fluttur sunnar og að sandstormar hafi verið alvarlegri en nú. Á tímabilinu 1998-2002 hafa lokanir verið frá 0-8 sinnum á ári. Árið 2003 var aldrei lokað og það sem af er þessu ári hefur verið lokað í tvígang, í seinna skiptið 19. október. Íbúar í Álftaveri segja einangrun sveitarinnar mun minni nú en áður vegna þess hve dregið hefur úr ófærð vegna sandfoks.

Verstu sandfoksáttir á Mýrdalssandi eru norðlægar, vestlægar og austanáttir. Minnstan meðalvindhraða þarf í norðanáttum, eða 10-12m/sek, enda er alla jafna þurrt í þeim áttum. Í austanáttum þarf vindhraði að vera ríflega 11-14m/sek en þeirri átt fylgir oft úrkoma. Mestan vindhraða þarf í vest-suðvestlægum áttum eða milli 14-18m/sek.